

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

84. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn miðvikudaginn 15. ágúst 2018 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Hjördís Albertsdóttir og Jón Ingi Gíslason frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason, Harpa Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Guðjón Ágúst Gústafsson sat fundinn undir 4. dagskrárlið.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Ágreiningur um fyrirkomulag matartíma kennara á yngsta stigi - 1805031SA

Málið lítur að fyrirkomulagi matarhlés kennara í yngri deild sem útfært er þannig að það nær yfir tímabilið klukkan 11:20 - 11:50. Samkvæmt grein 3.1.1 í kjarasamningi skal matarhlé vera 30 mínútur á tímabilinu klukkan 11:30 – 13:30 og telst hann eigi til vinnutíma. Fyrirkomulagið felur í sér að 10 mínútur standa utan við það tímabil sem matarhlé skal tekið skv. grein 3.1.1.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd vísar því til stjórnenda skólans og sveitarfélagsins að kennarar nái að taka matarhlé sitt á þeim tíma sem kveðið er á um í kjarasamningi þ.e. að matarhlé skuli vera á tímabilinu 11:30 – 13:30. Samkvæmt grein 3.1.2 getur skólastjóri gert samkomulag um annað fyrirkomulag en gæta skal að því að það sé þá gert með formlegum hætti.

2. Vinnumat kennara sem telja sig vinna sambærileg störf. – 1805032SA

Málið lítur að óánægju kennara sem fékk ekki sömu niðurstöðu úr vinnumati og samstarfsmaður. Niðurstaðan leiddi til þess að kennsluskylda kennarans veturinn 2017 -2018 var ekki sú sama svo munaði einni kennslustund.

Niðurstaða:

Málið rætt. Afgreiðslu frestað.

3. **Gildir samkomulag aðila um réttindaávinnslu í fæðingarorlofi með sama hætti fyrir þá kennara sem skv. fæðingarorlofslögum nr. 95/2000 njóta lengri fæðingarorlofsréttar en sem nemur 6 mánuðum, nú allt að 9 mánuðir.**

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála um að sama framkvæmd skuli gilda fyrir kennara sem njóta fæðingarorlofs í allt að 6 mánuði og þeirra kennara sem skv. fæðingarorlofslögum nr. 95/2000 njóta lengri fæðingarorlofsréttar, nú allt að 9 mánuðir, sbr. V. kafla fæðingarorlofslaga sem fjallar um undanþágutilvik.

4. **Endurnýjun 360 daga veikindaréttar.**

Niðurstaða:

Málið rætt. SNS mun taka málið til skoðunar og taka saman greinargerð varðandi það.

5. **Önnur mál.**

Umræða um ný menntunarákvæði skv. kjarasamningi kennara, val, framkvæmd og verklag.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:11